



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	04.10.2018
Málalýkill	07.10
Mál nr.	1702005

Garðabær
b/t bæjarstjóra, Gunnars Einarssonar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

27. september 2018

Varðar: Búsetu í atvinnuhúsnæði.

Stjórn SHS fól slökkviliðinu (SHS) árið 2017 að kortleggja hvort fólk hafi tekið sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess. Verkefni var unnið í góðu samstarfi við byggingafulltrúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig. SHS hefur kortlagt og skoðað sérstaklega búsetu í atvinnuhúsnæði frá árinu 2003 eða í hartnær 15 ár.

Í kortlagningunni 2017 var gengið út frá skráðum eignum hjá SHS og farið yfir þá staði sem sveitarfélögin höfðu vitneskju eða grun um að á væri búseta. Þá var farið yfir lögheimilis-skráningar og skráð heimilisföng einstaklinga á J.á.is. Meginvinnan fólst síðan í að ganga götur á atvinnusvæðum og kanna vísbendingar um búsetu, t.d. ljós í gluggum að kvöldlagi og óreiðu á sorpi. Gróft mat á fjölda þeirra sem búa í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu er á bilinu 3.000 til 5.000 einstaklingar, sjá útlitun í meðfylgjandi minnisblaði.

Í þessu samhengi er vert að áréttast að kortlagning eins og þessi getur aldrei verið jafn áreiðanleg og skoðun á öllum þeim stöðum sem tilgreindir eru, því er rétt að líta á þessi gögn sem skráningu staða þar sem sterkar líkur eru á að búseta sé. Einnig er mögulegt að viðkomandi staður hafi sótt um breytingar á byggingarleyfi og fengið jákvæða afgreiðslu. Mikil eftirspurn er eftir gistihúsnæði og margir því tilbúnir til þess að nýta atvinnuhúsnæði til búsetu. Fermetrinn leitar þangað sem verðið er hærra, óháð því hvort öryggi fólks er tryggt eður ei í öllum tilvikum.

Eftir að þessi kortlagning var gerð hafa SHS borist ábendingar um búsetu í atvinnuhúsnæði. Í fjórum tilvikum var farið í tafarlausa lokun og málið kært til lögreglu samkvæmt 12. gr. c. lið laga um brunavarnir nr. 75/2000 en þar segir að eitt hlutverka eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé að:

„hafa, í samvinnu við byggingafulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrráða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.“

Ef þið áformið að fela byggingafulltrúa að fara í frekari aðgerðir gagnvart búsetu í atvinnuhúsnæði í ykkar sveitarfélagi óskar SHS eftir því að haft verði samráð um slíka framkvæmd.

Virðingarfyllt,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Samrit:
Sveitarstjórn aðildarsveitarfélaga SHS.

Meðfylgjandi:
Minnisblað til stjórnar SHS um kortlagningu óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði, dags. 2. júní 2017.
Listi yfir staði í Garðabæ þar sem grunur leikur á að búseta sé í atvinnuhúsnæði, dags. 2. júní 2017.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.
Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000
www.shs.is – shs@shs.is